

## Námsáætlun – Haust 2016

Námsgrein: íslenska

Kennari: Jóhann Ingi Einarsson

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
24.08 – 20.12	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>þjálfist í að ná góðum lestrarhraða, lesfimi og lesi af skilningi, þjálfist í að leggja mat á texta og túlka hann</li> <li>lesi sér til ánægju og fróðleiks</li> <li>þjálfist í að afla sér upplýsinga úr bókum og nýtt þær við lausn verkefna</li> <li>þjálfist í að hlusta á upplestur á sögum</li> <li>geti skrifað læsilega og af öryggi og þjálfist persónulega rithönd</li> <li>þjálfist í notkun hjálpartækja við ritsmið, s.s orðabók</li> <li>þjálfist í að skrifa texta á tölvu og læri að beita nokkrum aðgerðum í ritvinnslu</li> </ul>	<p>Lestur og bókmenntir: Áhersla lögð á lestur og skilning á fjölbreyttum texta. Bæði fræðitexti og texti tengdur áhugasviði nemenda. Ljóð : unnið með íslensk ljóðskáld og ljóð þeirra lærð og krufin Ritun : Formleg og skapandi skrif</p>	<p>Yndislestur Lestur bókmennta ásamt vinnubókarkennslu og samvinnunámi.</p> <p>Áhersla er lögð á lipran og skýran upplestur, lesskilning og framsögn. Nemendur þjálfast í að tjá sig munnlega og temji sér að tala skýrt og áheyrilega og fara eftir reglum sem gilda í umræðum. Nemendur eru hvattir að lesa daglega sér til ánægju. Í ritun læra nemendur að semja sögur og frásagnir með upphaf, miðju og endi. Læra að nota orðabækur og önnur hjálpartæki við ritun. Áhersla lögð á vandaðan frágang og vinnubrögð.</p>	<p>Metinn er heimalestur, lesskilningur, orðaforði, leshraði og framsögn. Nemendur fá umsögn um lestrarlag. Bókmenntir eru metnar með markvissum æfingum þar sem unnið er með valda bókmenntatexta á fjölbreyttan hátt. Vinnubækur gilda til einkunna ásamt prófum og könnunum. Nemendur skrifa eina ritgerð á önn.</p>
24.08- 20.12	<p>Að nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>efli orðaforða og orðaskilning</li> <li>þekki orðflokkanafnorð, sagnorð, lýsingarorð og kynnist beygingarformdeildum þeirra og æfist í að fallbeygja</li> </ul>	<p>Málfræði Stafsetning Skrif</p>	<p>Innlagnir frá töflu, samræður, einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna. Í málfræði verður áfram unnið með nafnorð, lýsingarorð og sagnorð. Auk þess verður byrjað á fornöfnum.</p>	<p>Próf í lok annar í málfræði. Skrift er metin með formlegum verkefnum og frjálstri ritun. Stafsetning er metin með reglulegum könnunum</p>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• geti stigbreytt og kynbeygt lýsingarorð</li> <li>• geti flett upp orðum í stafrófsröð og nýtt sér upplýsingar í orðabókum og öðrum gagnamiðlum</li> <li>• þjálfist í að beita helstu atriðum stafsetningar og greina-merkjasetningar</li> <li>• þekki mun á samnöfnum og sérnöfnum og kyn orða og geti nýtt sér þá þekkingu í stafsetningu</li> <li>• kynnist hugtökunum stofn og beygingarending nafnorða og lýsingarorða og geti nýtt sér þá þekkingu í stafsetningu</li> <li>• þjálfist í að stafsetja rétt</li> <li>• skrifi skýrt og greinilega, vandi vinnubrögð og frágang.</li> </ul>		<p>Nemendur læra að þekkja stofn orða og y regluna. Lögð er áhersla á að þeir geti nýtt málfræðikunnáttu sína við tal og ritun.</p> <p>Farið verður í helstu stafsetningarreglur og þær þjálfaðar á fjölbreyttan hátt, s.s. upplestur, sóknarskrift og eyðufyllingar.</p> <p>Stefnt er á að nemendur nái þeirri leikni í skrift að þeir geti skrifað samfelldan texta þannig að hann sé auðlesinn.</p>	<p>(upplestrum) og gefinn er einkunn</p>
--	--	--	--	--

Námsgrein: Stærðfræði

Kennari: Jóhann Ingi Einarsson

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
19.9. – 20.10	<p>Að nemendur tileinki sér :</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tíundu hluta, hundraðs og þúsundustu hluta</li> <li>• Talnamynstur með tugabrotum</li> <li>• Samlagningu, frádrátt, margföldun með tugabrotum</li> <li>• Giska á svör, slumpreikn. og námunda tölur</li> <li>• Að búa til þrívíða hluti</li> <li>• Að teikna form og aðrar myndir í þrívídd</li> <li>• Um eiginleika og einkenni tvívíðra og þrívíðra forma</li> <li>• Að þekkja form</li> </ul>	<p>Talnagildi , fjöldi aukastafa, breytingar milli eininga, reikniaðgerðir. Tví og þrívíð form, Yfirborðsflatarmál Ummál og flatarmál</p>	<p>Innlögn frá töflu, einstaklingsvinna, hópavinna auk stuðnings við hvern og einn eins og við á.</p>	<p>Kaflapróf</p>
27.10 – 8.12	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þyngd og að nota mælieiningar eins og g, hg, kg og tonn</li> <li>• Rúmmál og að nota mælieiningar eins og ml, cl, dl, L</li> <li>• Reikna rúmmál ferstrendinga</li> </ul>	<p>Talnagildi , fjöldi aukastafa, breytingar milli eininga, reikniaðgerðir. Fyrstu skref í algebru, Reiknisaðgerðir í almennum brotum,</p>	<p>Innlögn frá töflu, einstaklingsvinna, hópavinna auk stuðnings við hvern og einn eins og við á.</p>	<p>kaflapróf</p>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Reikna tíma</li> <li>• Almenn brot sem hluta af heild og sem hluta af safni</li> <li>• Almenn brot sem eru jafngild</li> <li>• Styttingu og lengingu</li> <li>• Samlagningu, frádrátt og margföldun almennra brota</li> <li>• Skriflegar reiknisaðgerðir í margföldun og deilingu</li> <li>• Reikna dæmi úr daglegu lífi</li> <li>• Nota vasareikni</li> <li>• Nota hugarreikning</li> <li>•</li> </ul>	Lengja, stytta og gera brot samnefnd, Hugtakið prósentur og merking þess. Orðadæmi		
--	--	--	--	--

## Námsáætlun í dönsku 6. bekkur

Anna Guðrún Jóhannesdóttir

### Með fyrirvara um breytingar

Timabil	Markmið/ hæfniviðmið	Viðfangsefni/ náms efni	Verkefni	Mat/Verkmappa
26.ágúst – 24. okt.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur geti skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt.</li> <li>• Nemendur geti fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Start</li> <li>• Vinnubók</li> <li>• Sproglege</li> <li>• Ýmislegt annað tilfallandi efni sem tengist</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnubók</li> <li>• Umræðuverkefni</li> <li>• Para- og Hópverkefni</li> <li>• „We Walk the Talk“ verkefni frá kennara.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnubók</li> <li>• Kannanir</li> <li>• Þátttaka nemenda í sproglegene.</li> </ul>

	<p>mat og skólann og bæinn sinn með stuðningi af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað þær upplýsingar í eigin verkefni.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• At bringe mere liv, leg og variation ind i undervisningen ved hjælp af bl.a. praktisk, musik, konkret- og emneorienterede aktiviteter.</li> </ul>	viðfangsefninu.		
<b>27. okt. – 12. des.</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur geti skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum og athöfnum.</li> <li>• Nemendur geti haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá námsefni með eðlilegum framburði um t.d. tilfinningar, áhugamál sín.</li> <li>• Nemendur geti tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.</li> <li>• Nemendur geti fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Start</li> <li>• Vinnubók</li> <li>• Sproglege</li> <li>• Ýmislegt annað tilfallandi efni sem tengist viðfangsefninu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnubók</li> <li>• Umræðu-verkefni</li> <li>• Para- og Hópverkefni</li> <li>• „We Walk the Talk“ verkefni frá kennara.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnubók</li> <li>• Kannanir,</li> <li>• Þátttaka nemenda í sproglegene.</li> </ul>
<b>15.-19.des. Upprifjun og klára verkefni.</b>				

Námsgrein: Samfélagsfræði og Trúarbragðafræði

Kennari: Anna Guðrún Jóhannesdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
September- desember	<ul style="list-style-type: none"> <li>læri að lesa legu staðar á heimskorti út frá lengdar- og breiddargráðum</li> <li>læri að lesa af hefðbundnu staðfræðikorti upplýsingar um megindrætti landslags, landnotkun, búsetu og samgöngukerfi</li> <li>þekki á Evrópukorti nöfn og legu Norðurlandanna, stærstu borgir, ár, vötn, eyjar og fjallgarða</li> <li>kynnist landslagi, náttúrufari og auðlindum Norðurlandanna</li> <li>þekki megineinkenni gróðurfars og loftslags Norðurlanda auk ríkjandi vinda og hafstrauma</li> <li>átti sig á að hann elst upp við aðstæður sem eru síbreytilegar</li> <li>kynnist dæmum um ólík lífsskilyrði fólks á Norðurlöndum</li> <li>átti sig á hvað er líkt og hvað ólíkt í atvinnulífi, búsetumynstri og lífsháttum Norðurlandabúa</li> <li>þekki helstu menningareinkenni Norðurlandabúa eins og tungumál,</li> </ul>	<p>Megin viðfangsefni eru Norðurlöndin; Noregur, Svíþjóð, Finnland, Álandseyjar, Danmörk, Færeyjar og Grænland. Fjallað verður um landshætti og veðurfar, atvinnuvegi og náttúruauðlindir, stjórnarfar, tungumál og fleiri þætti sem tengjast hverju landi. Einnig verður unnið með kort og loftmyndir, landshætti, landmótun, loftslag, gróðurbelti, golfstrauminn, auðlindir og orku, lífsskilyrði, trúarlíf o.fl.</p> <p>Ljós heimsins, Búddhatrú – leiðin til nirvana og efni frá kennara</p>	<p>Lestur, verkefnavinna og umræður um efni kennslubókar. Samvinnunám og einstaklingsvinna. Vinnubókarvinna.</p> <p>Nemendur kynnist kristinni trú, menningu og sögu kirkjunnar. Farið í vöxt og útbreiðslu kristindómsins og þýðingu hans fyrir einstaklinga og samfélög. Nemendur kynnast völdum þáttum úr búddhatrú, m.a. helgistöðum, táknum, hátíðum og siðum.</p>	<p>Horft er til þátttöku nemenda í verkefnum s.s. framlags í hópvinnu og hæfni til samvinnu, kynningu á hópaverkefni, uppsetningu þess og framsögn. Til einkunnar gilda hópaverkefni, vinnubók og lokapróf.</p>

	<p>trúarbrögð, lífskjör, menntamál og félagsmál</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• þekki helstu atvinnuvegi Norðurlandabúa og framleiðslu þeirra</li><li>• kunnir dæmi um hvernig náttúran hefur haft áhrif á lífnaðarhætti fólksins</li><li>• kunnist hvernig framleiðsla íbúanna og neysla þeirra hefur áhrif á náttúruna</li><li>• Kunnist völdum þáttum úr búddhatrú,</li><li>• Nemendur temji sér umburðarlyndi og virðingu fyrir rétti manna til ólíkra lífs- og trúarskoðana.</li></ul>			
--	---	--	--	--

Námsgrein: Myndmennt 5. bekkur

Kennari: Aðalbjörg María Ólafsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Skólaárið 2016-2017	Nemandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>- Þjálfar samhæfingu hugar og handa og fínhyringar með tækniæfingum</li> <li>- Vinnur eftir fyrirmælum um verkefnavinnuna</li> <li>- Hagnýtir í einföldum verkefnum leikni sem hann hefur öðlast</li> <li>- Fer eftir reglum um umgengni og frágang</li> </ul>	Túlkun og tjáning Læsi – texti og mynd Myndræn frásögn  Grenndarfræði – form og litir	Innlögn Verklegar æfingar Tilraunir	Símat byggt á hæfniviðmiðum – s.s. um hugmyndavinnu, tækniþjálfun og framkvæmd. Vinnuferli er metið til jafns á við fullunnið verk. Auk þess er tekið tillit til virkni og vinnubragða, umgengi um efni og áhöld og frágangs á vinnusvæði.
	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Vinni eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar</li> <li>- Noti mismunandi efnivið, verkfæri og miðla til eigin sköpunar</li> <li>- Skapi myndverk í mismunandi tilgangi með margvíslegum aðferðum</li> <li>- Hagnýti þá leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni</li> <li>- Tjáir eigin hugsanir og skoðanir og setji þær fram á viðeigandi hátt hverju sinni</li> </ul>	Mótun og útfærsla þrívíðra hluta Hugmyndavinna – úrvinnsla hugmynda  Samhæfing hugar og handa tækniþjálfun  sköpun og tjáning	Innlögn Verklegar æfingar Einstaklingsleiðsögn  Tilraunir – lausnaleit Einstaklingsleiðsögn	Símat: Virkni, vinnubrögð Hugmyndavinna og úrvinnsla hugmynda Mótunarferli metið til jafns á við fullunnið verk Umgengni um efni og áhöld Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Nýtir sér í eigin sköpun aðferðir sem fela í sér að kanna liti og form fyrirmynda</li> </ul>	Myndbygging – form og litir Munsturgetð Nálægð og fjarlægð	Innlögn Sýnikennsla	Símat: Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk



	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Vinni með mismunandi sjónarhorn, auk nálægðar og fjarlægðar, í eigin sköpun</li> <li>- Nýti fjölbreytta miðla við verkefnavinnuna</li> <li>- Nýti grunnþætti myndlistar í eigin sköpun</li> <li>- Vinni myndverk í ýmsum tilgangi</li> <li>- Fjalli um mynddæmi sem sýna mismunandi útfærslur listamanna á sama myndefni</li> </ul>	<p>Lita- og formfræði – grunnform og frumlitir Ljós og skuggi</p> <p>Listasaga – unnið með listastefnur, listamenn</p> <p>Fjarvídd – einföld þekkingaratriði og reglur</p>	<p>Verklegar æfingar Einstaklingsleiðsögn</p> <p>Umræður</p>	<p>Upplýsingaleit og úrvinnsla upplýsinga Hugmyndavinna og úrvinnsla hugmynda</p> <p>Þátttaka í umræðum</p>
	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Þjálfist í meðferð mismunandi efnis og áhalda til myndgerðar</li> <li>- Taki mið af og lagi framsetningu að kröfum viðfangsefnisins</li> <li>- Teikni og móti raunsæismyndir eftir fyrirmyndum</li> <li>- Vinni með hlutföll og stærðir í eigin sköpun</li> </ul>	<p>Tæknileg þjálfun - blönduð tækni</p> <p>Að „sjá“ – yfirfærsla sjónrænna hluta yfir á pappír Myndbygging - sjónarhorn</p>	<p>Verklegar æfingar Tilraunir - lausnaleit</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p>	<p>Hugmyndavinna, tækniþjálfun og framkvæmd Verkefnaskil Heildarverkefni metið</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p>
	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Vinnur þrívíð myndverk með mismunandi aðferðum</li> <li>- Þjálfist í meðferð mismunandi efnis og áhalda til myndgerðar</li> <li>- Hagnýti þá leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni</li> <li>- Beiti helstu tækni sem námsgreinin býr yfir</li> <li>- Leggur mat á eigin verk</li> <li>- Fjallar um eigin verk og annarra</li> </ul>	<p>Þrívíð mótun – hugmyndavinna og úrvinnsla hugmynda</p> <p>Þrykkaðferðir – einþrykk, skabalonþrykk</p> <p>Netmiðlar – þekkingaratriði</p> <p>Vinnubók – þekkingaratriði myndlista og valin verk</p>	<p>Innlögn Sýnikennsla</p> <p>Verklegar æfingar Einstaklingsleiðsögn</p> <p>Umræður</p>	<p>Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum</p> <p>Upplýsingaöflun og úrvinnsla upplýsinga</p> <p>Vinnubrögð og frágangur verkefna Lokamat</p> <p>Sjálfsmat nemenda</p>

Námsgrein: Heimilisfræði

Kennari:Póra Gígja Jóhannsdóttir

3x2 tímar á viku í ca. 6-7 vikur

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
1.vika 3x2 tímar	-Sýnt góða umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði -Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi.  -Tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar.  -Tjáð sig um helstu atriði næringarfræðinnar	-Bakstursverkefni -Matreiðsluverkefni -Uppvask, frágangur og þrif æfð í hverjum verklegum tíma Gott og gagnlegt 2 bls. 3-5 og 10-15  -bls.6-9-vítamín, steinefni, orkuefni	Innlögn, sýnikennsla þegar við á, paravinna, samvinna, einstaklingsleiðsögn eftir þörfum. Nemendur fá ljósritaðar uppskriftir til að vinna eftir. Í byrjun tímans fer ég vel yfir verkefni og oft með sýnikennslu. 2-3 nemendur vinna síðan saman að ákveðnu verkefni Unnið í les og vinnubókum Gott og gagnlegt 2 jafnhliða verklegum tímum	<u>Símat</u> : sem byggir á vinnubrögðum/virkni, að taka tilsögn og tileinka sér, að fara eftir fyrirmælum, umgengni um stofuna, frágang og samvinnu <u>Sjálfsmat</u> sem byggir á vinnusemi, að fara eftir fyrirmælum, umgengni, frágangi og samvinnu
2. vika 3x2 tímar	-Tekið tillit til annara í hópavinnu og sýnt frumkvæði -Matreitt einfaldar og hollar máltíðir -Unnið nokkuð sjálfstætt eftir uppskrift og notað til þess algengustu mæli og eldhúshöld -Átti sig á uppruna helstu fæðutegunda	Fjölbreytt verkefni við hæfi nemenda sem reyna á samvinnu, sjálfstæði, að vinna eftir uppskrift, mælingar, aðferðir og fl.  Gott og gagnlegt 2, kjöt og fiskur bls. 16-26	Innlögn, sýnikennsla þegar við á, paravinna, samvinna, einstaklingsleiðsögn eftir þörfum.  Les og vinnubók	Símat
3. vika 3x2 tímar	-Noti rétt áhöld við matreiðslu og bakstur	-Verklegar æfingar til að æfa vinnubrögð og leikni	Innlögn, sýnikennsla þegar við á, paravinna, samvinna,	Símat

	- Þjálfist í að minnka og stækka uppskriftir og að breyta gr. í dl og öfugt	Verkefnablöð þar sem nem. breyta gr í dl og öfugt. Verklegr vinna við að minnka og stækka uppskriftir	einstaklingsleiðsögn eftir þörfum. Bóklegur tími: Gott og gagnlegt 2, les og vinnubók	
4. vika 3x2 tímar	-Tjáð sig um ólíkar venjur og siði og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð. -Læri hugtök og orð tengd matargerð fyrr og nú.  -Tileinki sér einfalda vinnutækni í matreiðslu s.s. (hreinsa, flysja, skera, brytja, saxa, rífa, sjóða, steikja og fl.	Vinna í Gott og gagnlegt um gamlar vinnsluaðferðir, lýsi og egg. Bls. 28-32.  -Fjölbreyttar verklegar æfinga til að uppfylla markmiðin.	Innlögn, sýnikennsla þegar við á, paravinna, samvinna, einstaklingsleiðsögn eftir þörfum. Gott og gagnlegt 2.	Símat Sjálfsmat
5. vika 3x2 tímar	-Tileinki sér jákvætt viðhorf til umhverfisverndar -Skilið og rætt einfaldar umbúðamerkingar/ innihaldslýsingar --Metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau - Læri að meta eigin neyslu með tilliti til hollustu, verðs og umhverfissjónarmiða (fjölnota umbúðir, heimagert nesti og fl)	Gott og gagnlegt bls. 34-39. Umhverfisvernd og flokkun á sér stað í öllum tímum.  Verklegar æfingar.	Innlögn, sýnikennsla þegar við á, paravinna, samvinna, einstaklingsleiðsögn eftir þörfum.	Símat
6. vika 3x2 tímar	-Hagnýtt þá leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.	Fjölbreytt verkefni í bakstri og matargerð.	Innlögn, sýnikennsla þegar við á, paravinna, samvinna, einstaklingsleiðsögn eftir þörfum.	Símat

<p>7. vika 3x2 tímar</p>	<p>Lagt mat á eigin verk og átti sig á vönduðum vinnubrögðum.</p> <p>-Sýnt vinnuferli frá uppskrift til afurðar Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans</p>	<p>Verkleg verkefni.</p> <p>Verklegt próf þar sem nemendur þurfa að vinna sjálfstætt eftir uppskrift</p>	<p>Innlögn, sýnikennsla þegar við á, paravinna, samvinna, einstaklingsleiðsögn eftir þörfum.</p>	<p>Símat Sjálfsmat Vinnubók metin Verklegt próf</p>
------------------------------	---	--	--	---

Námsgrein: Hönnun og smíði

Kennari: Ólafur Viðar Hauksson

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Ágúst – október	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki,</li> <li>• Gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni.</li> <li>• Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu,</li> <li>• Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð,</li> <li>• Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum,</li> <li>• Hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virkniþættir eru að verki í ýmsum hlutum,</li> <li>• Lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélaginu,</li> <li>• Greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir.</li> </ul>	<p>Unnið er með mismunandi efni s.s. timbur tegundir og málm.</p> <p>Nemendur hanni hlut út frá ákveðnu þema og noti til þess samræður, nálgast og skoði ýmsar bækur, tímarit eða fari á netið til að móta hugmyndir sínar og sýni þar með sjálfstæði í vinnubrögðum.</p> <p>Mismunandi yfirborðsmeðhöndlun sýnd með tilliti til hvað henti matvælum og ekki, samsetningar hluta úr járni og timbri.</p> <p>Rétt vinnubrögð við notkun á tækjum og vinnustellingar</p>	Innlögn, sýnikennsla, verklegaræfingar, vettvangsferðir.	Símat kennara þar sem meðal annars horft á sjálfstæði nemenda, virkni, samvinnu þeirra við aðra, frumkvæði að úrlausnum ásamt umgengni og sjálfsmati og síðan afurðin.

	<ul style="list-style-type: none"><li>• Gert sér grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni,</li><li>• Geti gert við og endurnýjað eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra,</li><li>• Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.</li></ul>			
--	--	--	--	--

Námsgrein: Íþróttir

Kennari: Kári, Hrefna og Páll V.

<b>Tímabil</b>	<b>Hæfniviðmið</b>	<b>Efnisþættir</b>	<b>Kennsluhættir</b>	<b>Námsmat</b>
22. ágúst - 30. sept.	Fjölbreytt hreyfinám Læra klæða sig eftir veðri og vindum Kynnast nánasta umhverfi skólans	Útiþróttir	Boginn, frjálsíþróttavöllur á Þórsvæði, sparkvöllur, útihlaup um nánasta umhverfi skólans, stiginn við stífluna, hjólaleiðir víða um bæinn	Stöðumat, greinandi mat og lokamat
1. október - 16. desember	Fjölbreytt hreyfinám Auka þol, styrk, snerpu og liðleika Kynning á sem flestum íþróttagreinum Efla færni í samskiptum Fræða um heilbrigði	Hlaupa- og hreyfileikir, knattspyrna, handknattleikur, körfuknattleikur, blak, boltaleikir, frjálsar íþróttir, badminton, bandý, borðtennis, tennis, fimleikar, þrek og VAL	Leikir ráðandi þáttur	Stöðumat, greinandi mat og lokamat